

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 12. janúar 2016 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Brynhildur Þórarinsdóttir, Hilmar Hilmarsson og Steinunn Stefánsdóttir. Þröstur Helgason mætti ekki. Ingibjörg Einarsdóttir var gestur undir 1. lið. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málrættarþing – undirbúningur

Sjá fg. stj. ÍM 8/2015, 2. lið. Ingibjörg Einarsdóttir, formaður Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn, sem heldur Stóru upplestrarkeppnina, og varamaður í ÍM, kynnti starf félagsins. Stóra upplestrarkeppnin væri nú haldin í 20. sinn. Ingibjörg sagði einnig frá sprotaverkefni sínu, Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk, sem væri nú haldin í 60 skólum. Ingibjörg, sem unnið hefur frá upphafi að Stóru upplestrarkeppninni, hættir í vor á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Hún sagði að tímamót væru fram undan í starfinu. Lýjandi væri að safna styrkjum á hverju ári til að standa straum af keppninni og erfiðara væri nú en áður að fá fólk til að vinna sjálfbodaðastarf án launa. Stjórn og fulltrúaráð Radda væri því hugsi yfir framhaldinu.

Ingibjörg sagði að stjórn Radda litist vel á þá hugmynd stjórnar ÍM að halda sameiginlegt málþing í samvinnu við ÍM. Ingibjörg taldi að lok apríl eða byrjun maí væri heppilegur tími fyrir þingið. Fundarmönnum leist vel á að hafa stutt baráttuþing þar sem til að mynda verðlaunahafar í Stóru upplestrarkeppninni, fulltrúar frá ráðuneytinu, frá Röddum, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.s.frv. héldu stutt erindi. Reynt verður að fá RÚV til að útvarpa frá þinginu.

Ákveðið var að stofna undirbúningshóp málþingsins. Hilmar og Steinunn verða fulltrúar í honum af hálfu Íslenskrar málnefndar. Raddir munu síðan skipa tvo fulltrúa. Stefnt verður að því að undirbúningshópurinn hefji störf sem fyrst. Íslensk málnefnd mun standa straum af kostnaði við þingið, til að mynda við leigu á sal.

2. Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2015–2019

Sjá fg. stj. ÍM 8/2015, 1. lið. Drög að væntanlegri stefnuskrá ÍM voru send til nefndarmanna í Íslenskri málnefnd 11. desember 2015. Óskað var eftir athugasemdum við drögin í síðasta lagi 8. janúar 2016. Aðeins Sölvi Björn Sigurðsson og Ásta Kristín Benediktsdóttir, nefndarmenn í ÍM, svöruðu skeytinu og lýstu þau bæði yfir ánægju með drögin. Stjórnarmenn ræddu þau síðan og komu með nokkrar athugasemdir, sérstaklega Hilmar. Stefnuskráin var síðan samþykkt og ritara falið að setja hana á vef ÍM, islskan.is, og senda til mennta- og menningarmálaráðuneytis með ósk um að hún yrði kynnt á vef þess.

3. Önnur mál

a) *Málfregnir á Tímarit.is*. Formaður greindi frá því að Ari Páll Kristinsson hefði sent sér tölvuskeyti 21. desember 2015 þar sem hann greindi frá því að í undirbúningi væri að birta

rafrænt tímaritið *Málfregnir*, sem Íslensk málnefnd gaf út 1987–1992, 1997–2005, á vefnum Tímarit.is. Stjórn ÍM lýsti yfir ánægju með þessi áform.

b) *Ritreglur Íslenskrar málnefndar*. Sjá fg. ÍM 2/2015, 2. lið. Ritari ákvað að höfðu samráði við formann ÍM að biðja Katrínu Axelsdóttur, doktor í íslenskri málfræði, að lesa vandlega yfir drög að nýjum ritreglum Íslenskrar málnefndar. Hún mun skila athugasemdum sínum til ritara um miðjan janúar. Ef stjórn ÍM telur það nauðsynlegt verða einnig aðrir fengnir til að lesa drögin yfir.

c) Ritari dreifði ljósriti af grein Olle Josephson í tímaritinu *Klarspråk* (4/2015) sem nefnist *Språkpolitik efter 10 år: Ett nja är inte så illa*. Þar er rakið hvort og hvernig áhersluatriði í sænsku málstefnunni hafa ræst. Skoða má greinina hér:

<http://www.sprakochfolkminnen.se/sprak/klarsprak/bulletinen-klarsprak.html>

Til bóknar:

Ingibjörg Einarsdóttir afhenti málnefndinni tvær skýrslur: *Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar og á Álftanesi skólaárið 2013–2014* (Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar 2013) og *Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk 2014–2015* (Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar 2015).

Tryggvi Gíslason birti grein í Fréttablaðinu 19. desember 2015 sem nefnist *Framtíð íslenskrar tungu – tungan í útrymingarhættu á stafrænni öld* (sjá hér: <http://www.visir.is/framtid-islenskrar-tungu---tungan-i-utrymingarhaettu-a-stafranni-old/article/2015151218600>).

Formaður sendi Tryggva tölvuskeyti samdægurs þar sem bent var á vinnu Íslenskrar málnefndar við gerð málstefnu (*Íslenska til alls*) og að málnefndin hefði farið rækilega yfir það á síðasta ári hvað hefði áunnist af stefnumálum hennar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 15.35.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.